

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Álftanesi.

Deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis.

Tillaga að deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis á Álftanesi var samþykkt þann 13. júní 2007 í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness. Skipulagið tekur til skóla- og íþróttasvæðis að meðtöldum byggingarreitum fyrir sundmiðstöð í tengslum við íþróttahús, vallarhúsi og símsstöð ásamt gervigrasvelli og brettavelli.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Álftanesi, 22. júní 2007.

Bjarni S. Einarsson bæjartæknifræðingur.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2007